



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 127/348

komudagur 5.12.2001

Reykjavík, 3. desember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, 191. mál, krókabátar.

Vísað er í bréf sjávarútvegsnefndar Alþingis frá 6. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Fjallað var um lagafrumvarpið á fundi sambandsstjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 19. nóvember 2001. Í umfjöllun um málið kom m.a. fram að samtökin telja það afar óheppilegt að stjórna fiskveiðum með tvöföldu kerfi, þ.e. að sóknarstýring sé notuð fyrir hluta smábáta og aflamarksstýring fyrir hinn hluta fiskveiðiflotans. Fundurinn var sammála um að vísa í fyrri stefnumörkun samtakanna þar sem mælt hefur verið með að nota sóknarstýringu.

Virðingarfyllst

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson